



Mánudagur, 24. september 2018

Stjórn ASÍ-UNG sendir eftirfarandi ályktun til miðstjórnar í samræmi við 24. gr. laga ASÍ. Óskar stjórn ASÍ-UNG eftir því að ályktunin verði lögð fram fyrir 43. þing ASÍ ásamt umsögn miðstjórnar um hana.

Ályktun

Stjórn ASÍ-UNG leggur til að formaður ASÍ-UNG fái greitt fyrir útlagðan kostnað og vinnuframlag vegna starfa sinna fyrir ASÍ-UNG í þágu hreyfingarinnar. Slíkar greiðslur eiga sér fyrirmynd m.a. í greiðslum til formanna landssambanda vegna útlagðs kostnaðar og vinnuframlags og í greiðslum til varaforseta ASÍ.

Starf formanns ASÍ-UNG felst ekki síst í því að auka sýnileika og vitund félaga í hreyfingunni um tilvist ASÍ-UNG. Jafnframt er það hlutverk formanns ASÍ-UNG að efla félagsstarf ungs launafólks, vekja athygli á sérstöðu ungs fólks og að standa sérstaklega vörð um réttindi þess. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda formanni ASÍ-UNG að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem nauðsynlegur er.